

Minningartónleikar um frú Ástu Einarson píanóleikara



[2011]

Laugardaginn 3. desember næstkomandi kl. 14 verða haldnir minningartónleikar í Dómkirkjunni í Reykjavík um frú Ástu Einarson píanóleikara. Frú Ásta var á fyrri hluta síðustu aldar einn af helstu píanóleikurum landsins, ýmist sem einleikari eða meðleikari söngvara og kóra. Hún kenndi einnig píanóleik frá aldamótum 1900 og fram undir miðja öldina. Í efnisskrá tónleikanna segir svo um þessa merku tónlistarkonu:

„Ásta Sigríður Einarson, fædd Sveinbjörnsson, var í heiminn borin í Reykjavík 5. desember 1877, dóttir hjónanna Lárusar Sveinbjörnssonar dómstjóra Landsyferréttarins og Jörgínu Guðmundsdóttur Thorgrímsen frá Eyrarbakka. Ásta var fædd og uppalin í Túngötu 6 og bjó þar raunar mestallan sinn búskap. Eiginmaður hennar, Magnús Einarson dýralæknir, lést 1927, aðeins 57 ára að aldri. Börn þeirra voru dr. Lárus Einarson læknir og prófessor í líffærafræði við Árórsarháskóla í Danmörku, Guðrún Einarson húsmóðir í Reykjavík, Helga Velschow-Rasmussen píanóleikari og húsmóðir í Kaupmannahöfn og Birgir Einarson apótekari í Vesturbæjar Apóteki.

Ásta lærði ung að leika á píanó, fyrst í Reykjavík hjá Ástríði Melsted, eiginkonu Sigurðar Melsted forstöðumanns Prestaskólans, og fósturdóttur þeirra Önnu Pétursson. Þær mæðgur voru helstu kennarar í píanóleik hér á landi um sína daga og Ástríður var fyrsti píanókennari Sveinbjörns Sveinbjörnssonar tónskálds, föðurbróður Ástu. Hjá þessum frænda sínum dvaldi Ásta veturinn 1899-1900 í Edinborg og naut tilsagnar hans í píanóleik. Þarna kynnti hún Sveinbirni nýlega ljóðabók Hannesar Hafstein sem hún hafði þegið úr hendi skáldsins nokkru fyrr en hún var krýnd skautadrottning á Tjörninni í Reykjavík. Upp frá því fór Sveinbjörn að semja lög við ljóð Hannesar sem mörg hver hafa orðið þjóðþekkt. Ásta heimsótti einnig oft móðurfólk sitt í Húsinu á Eyrarbakka þar sem tónlistin var í hávegum höfð en þar var eitt fyrsta píanóið sem komið hafði til landsins á 19. öld. Eftir því sem best er vitað kom Ásta fyrst fram í Dómkirkjunni í Reykjavík hinn 22. ágúst 1895, þá tæplega 18 ára gömul, á tónleikum með þýskri söngkonu, Auguste Heusler. Í febrúar 1899 léku þau Ásta og baróninn á Hvítárvöllum, Charles Gauldrée Boilleau, saman á kvöldskemmtun Stúdentafélagsins í Iðnaðarmannahúsinu, hún á píanó en hann á selló. Þá tók hún þátt í flutningi kantötu Sveinbjörns Sveinbjörnssonar við konungskomuna 1907 svo að eitthvað sé

nefnt. Ásta átti svo eftir að koma mjög við sögu tónleikahalds í Reykjavík næstu þrjá áratugi sem einn af helstu píanóleikurum landsins, ýmist sem einleikari eða meðleikari söngvara og kóra. Þá lék Ásta gjarnan undir í árdögum kvikmynda í Reykjavík og var á orði haft hversu vel henni tókst að láta hljómana falla að þeirri þöglu mynd sem verið var að sýna. Hún kenndi einnig píanóleik frá aldamótum og fram undir miðja síðustu öld. Loks stýrði hún um skeið söng í Kvennaskólanum í Reykjavík og var orgelleikari Oddfellowstúkunnar Rebekku nr. 1 í áratugi.

Ásta sótti reglulega messur og aðrar hátíðir í Dómkirkjunni og lýsti séra Jón Auðuns því við útför hennar að í kirkjunni hefði hún átt sinn venjulega stað og jafnan setið þar fyrimannleg og tigin. Ásta Einarson lést í Reykjavík liðlega áttæð 27. mars 1959.”

Á tónleikunum í Dómkirkjunni verða leikin og sungin mörg af uppáhaldslögum frú Ástu Einarson, ýmist eftir föðurbróður hennar Sveinbjörn Sveinbjörnsson, vini hennar og samstarfsmenn þá Árna Thorsteinson og Sigfús Einarson og erlendu tónskáldin Grieg, Schubert, Chopin, Sibelius og Mozart. Fram koma þau **Sigríður Ósk Kristjánsdóttir** mezzósópran, **Andri Björn Róbertsson** bassabarítón, **Guðrún Dalía Salómonsdóttir** píanóleikari og **Magnús Ragnarsson** organisti og kórstjóri. Þau eru öll í hópi fremstu tónlistarmanna yngri kynslóðarinnar, hafa hlotið góða menntun bæði hér heima og erlendis og þegar vakið verðskuldaða athygli.